

Naustaskóli

Starfsáætlun 2024-2025

2. og 3. bekkjar teymi



NAUSTASKÓLI

Námsaðlögun • Athvarf • Umhyggja • Samvinna • Táp og fjör • Allir með!

Andrea Stefánsdóttir

Elsa Austfjörð

Eydís Elva Eymundsdóttir

Hafdís Jakobsdóttir

Inga Huld Sigurðardóttir

Námsumhverfi og skipulag

Við skipulagningu námsumhverfis verður unnið að því að skapa nemendum umhverfi þar sem hver og einn fær sín sem best notið. Kennarar munu leitast við að endurskipuleggja og bæta skipulag eftir þörfum nemendahópsins. Lögð verður áhersla á fjölbreytt og snyrtileg svæði, gott og aðgengilegt skipulag að náms- og hjálpargögnum.

Áhersla verður lögð á að gera námsmarkmið sýnileg í kennslu og verða markmið rædd í upphafi hverrar lotu/þema og þeim haldið á lofti á meðan á hverju þema stendur. Í lokin verður rætt við nemendur um hvernig tókst að ná settum markmiðum.

Í öllum námsgreinum eru námsmarkmið Naustaskóla höfð að leiðarljósi en þau eru unnin upp úr Aðalnámsskrá grunnskóla. Í vetur munu kennarar leggja aukna áherslu á leiðsagnarnám, með það að markmiði að veita nemendum leiðbeinandi mat jafnt og þétt yfir skólaárið. Áhersla verður lögð á fjölbreyttar aðferðir í námsmati, svo sem munnlegt mat, verkefnamat og sjálfsmat. Hæfniviðmiðin verða metin jafnt og þétt og skráð inn í Mentor.

Nemendaviðtöl verða tvisvar á skólaárinu þar sem líðan í skóla verður könnuð og punktar skráðir í dagbók hvers barns í Mentor. Eftir áramót er nemendastýrt viðtal.

Í vetur verða ýmsir hópar í gangi. Það eru fastir hópar í sundi, smiðjum og umsjón. En í hringekjum/stöðvum eru breytilegir hópar í gangi Hver er munurinn á þessum hópum?

[Grunnbættir](#) menntunnar og lykilhæfnipættir munu fléttast inn í þemavinnu vetrarins og verða metnir eftir þemavinnu hverju sinni.

Stærðfræði

Í stærðfræði verður unnið að námsmarkmiðum skólans með fjölbreyttum kennsluáðferðum. Innlagnir verða út frá námsefni sem kallast *Neisti - lærum saman og hugsum djúpt*, þar sem rík áhersla er á umræður og samvinnu. Einnig verður unnið með námsbækurnar, *Sproti og Stærðfræði spæjarar*, þar sem nemendur vinna ýmist sjálfstætt eða eftir skipulagi. Vikulega verður stöðvavinna þar sem lagðir verða inn nýir

námsþættir og nemendur munu fást við verkefni í Ipad og vinna með hlutbundinn efnivið.

Byrjendalæsi

Námsgreinarnar íslenska, samfélagsfræði, náttúrufræði og lífsleikni verða samþættar í gegnum byrjendalæsi. Áhersla verður lögð á lestur, hlustun, tal og ritun. Unnið er með gæðatexta þar sem lesin er bók og texti bókarinnar notaður í ýmis verkefni. Hvert þema nær yfir 2-6 vikur í senn. Einnig verður Læsi er lykillinn hafður að leiðarljósi.

Þemu vetrarins eru þessi og tilheyra A árinu:

Ágúst/september: Jákvæður agi

September/Október: Hrafninn

Október: Má ég vera memm

Október/Nóvember: Rúnar góði

Nóvember/desember: Jólþema

Janúar: Þrettándþema

Janúar/febrúar: Himingeimurinn

Febrúar/mars: Fuglþema

Mars/apríl: Árshátíðarþema

Apríl: Jákvæður agi

Maí: Humlur

Jákvæður agi

Í vetur verða vikulegir bekkjarfundir þar sem unnið er eftir áætlun og verkfæri jákvæðs aga kynnt. Í upphafi skólaárs verður búinn til bekkjarsáttmáli, skipt verður í hlutverk, unnið með lausnahjól og búnir til sameiginlegir lausna- og griðastaðir. Á bekkjarfundum eru tekin fyrir mál sem upp koma og börnunum kennt að setja mál á

dagskrá. Þá verður hefðbundinni dagskrá bekkjarfundar fylgt þar sem mál á dagskrá verða tekin fyrir auk þess sem fjallað verður um áherslupætti í skólastarfinu og farið í hópeflisleiki.

Ársáætlun 2024 -2025 - Jákvæður agi				
Ágúst	September	Október	Nóvember	Desember
Bekkjarsáttmáli	Hlutverkin í bekknum Griðarstaður Lausnarstaður	Ég boð Setja mál á dagskrá Tilfinningahjól	Það pirrar mig/Ég vildi óska - verkfærið Lausnahjól	Hvað gerum við ef við gerum mistök? V-A-L - verkfærið Fyrirgefning
Janúar	Febrúar	Mars	Apríl	Maí
Bekkjarsáttmáli (upprifjun) Að virða fjölbreytileikann Kalli krumpaði	Hvatning Settu þig í mín spor	Að æfa hrós og þakkir Lausnaleit Fjórar hugmyndir að lausnaleit	Bekkjarfundarform Unnið með samvinnu og samskipti	Bekkjarfundarform Unnið með samvinnu og samskipti

Smiðjur

Þær smiðjur sem í boði eru fyrir 2.-3. bekk veturinn 2024-2025 eru: Heimilisfræði, textílmennt, tækni og sköpun, myndmennt og tónlist. Nemendur eru í einni smiðju í einu í 12-13 skipti í senn.

Vettvangsferðir og uppákomur

Stefnan er að tengja vettvangsferðir og uppákomur við þemu vetrarins þegar við á.

Réttindaskóli Unicef

Leitast verður við að láta barnasáttmálann ná til þess náms sem fer fram á skólaárinu. Unnið verður með grein mánaðarins úr Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna. Sýnd verða myndbönd og myndir og umræður verða í kjölfar hvernar innlagnar. Einnig verða unnar kannanir í tengslum við Réttindaskólann og þekking nemenda á Barnasáttmálanum könnuð.

Útikennsla

Í útikennslu er stefnt að því að nýta nærumhverfið til náms og leiks. Tímarnir verða ekki fastir í stundatöflunni en verða reglulega yfir skólaárið.

Áhugasviðsverkefni

Í vetur verða tvö áhugasviðsverkefni, eitt á haustönn og eitt á vorönn. Á haustönninni verður einstaklingsverkefni en á vorönninni samvinnuverkefni.

Foreldrasamstarf

Haustfundur fyrir foreldra verður haldinn í lok september þar sem farið verður yfir starfið í vetur. Á fundinum fer fram kosning á foreldafulltrúum fyrir árgangana, fulltrúar frá tveimur börnum úr hvorum árgangi.

Vikulegt fréttabréf með helstu upplýsingum úr skólastarfinu sent í lok viku. Foreldrar eru alltaf velkomnir til okkar í skólann til þess að fylgjast með sínu barni og skólastarfinu.

Foreldrasamtöl með börnum eru einu sinni á haustönn og einu sinni á vorönn sem er nemendastýrt viðtal.

Teymisvinna/teymiskennsla

Teymismeðlimir skipta með sér helstu verkum sem eru: Teymisformaður, ritari og föstudagspósturinn.

Í upphafi skólaársins voru ræddir þeir þættir sem eiga að einkenna samstarf teymisins. Lögð verður áhersla á jafnvægi í samskiptum, hreinskilni, heiðarleika og heilbrigð mörk. Í upphafi annar var lögð töluverð vinna í að byggja upp traust, ræða faglegar áherslur, samvinnu, hlutverk og sameiginlegar áherslur teymisins. Í teyminu starfa fjórir umsjónarkennarar, einn stoðkennari og fjórir stuðningsfulltrúar. Unnið er út frá markmiðum um teymiskennslu og teymisvinnu samkvæmt stefnu skólans.

Teymisfélagar eru sammála um að vinna að því að tileinka sér kennsluhætti leiðsagnanáms en unnið er að innleiðingu leiðsagnarnáms í Naustaskóla. Teymisfundur með stjórnanda er vikulega. Skipulagsfundur er einu sinni í viku þar sem farið verður yfir skipulag komandi viku sem og nemendamál. Teymið leggur áherslu á að eiga góð samskipti við alla starfsmenn skólans og gætir þess að upplýsingaflæði sé gott innan teymis og við þá aðila sem koma að nemendahópnum s.s. skólaliða sem sinna frímínútnagæslu, íþróttakennara, smiðjukennara og skólastjórnendur.

Samkennsla árganga fer fram í smiðjum, sundkennslu og í þemum. Samkennsla á svæði 2. og 3. bekkjar þar sem rýminu er skipt upp eftir þörfum. Markmiðið með samkennslu árganga er að nemendur 2. og 3. bekkjar kynnist og þannig sé stuðlað að góðum samskiptum. Með samkennslu gefst kennurum einnig kostur á að kynnast nemendum beggja árganga og geta þannig borið sameiginlega ábyrgð á nemendahópnum.